

öryrkja svo og sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja, ef dvölin er eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

39. gr. laganna orðist þannig:

1) Sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963 skulu fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi.

2) Þegar sjóferðapróf fer fram, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómari skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

3) Ef skip hefur farist, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skal dómari rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv. Skal rannsókn að jafnaði fara þar fram, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess. Hafi skip farist, skal rannsókn fara fram þar, sem hagkvæmast þykir.

4) Þegar halda skal sjóferðapróf, ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvar.

5) Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjóferðapróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá, sem koma fyrir dóm, með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir, eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

6) Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjóferðapróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til, eða þess er krafist af þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga þessara. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs, ef hann telur þörf á.

7) Að sjóferðaprófi loknu skal dómari senda ríkissaksóknara, siglingamála-
stjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegs-
manna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

2. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Ef ríkissaksóknari telur koma til greina að sækja mann til saka út af sjó-
slysum eða brotum á lögum þessum, getur hann ákveðið lögreglurannsókn og sagt
fyrir um þau atriði, sem lögregla skal rannsaka. Hann getur lagt opinbert mál út
af sjóslysum eða brotum á lögum þessum fyrir Siglingadóm, ef hann telur mál
mikilvægt, en ella fer sakadómur með slík mál og dæmir þau. Skal með þau farið
eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Ef mál er lagt fyrir Siglingadóm,
sætir það sókn og vörn eftir 131.—136. gr. laga nr. 74/1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um þýðingarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð til þýðinga á erlendum bókmenntum.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hvers árs,
þó aldrei lægra en 500 þúsund krónur á verðlagi ársins 1981.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra
bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita.

Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn,
einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi
Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

5. gr.

Veita skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1983.